

Kvennaskólinn í Reykjavík

Brautskráning í Uppsölum 19. desember 2020 kl. 11.00

1. Ræða skólameistara

Ágætu brautskráningarnemar, aðstandendur, samstarfsfólk nær og fjær.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á brautskráningu Kvennaskólans í Reykjavík á jólaföstu 19. desember 2020.

Það var **Ársæll Másson**, stærðfræðikennari, sem lék svo listavel á gítarinn hér áðan.

Þetta alltaf jafnánægjuleg stund. Maður skynjar gleðina, spennuna og hátíðleikann sem fylla hjörtu bæði nemendanna sem eru í þann mund að kveðja okkur og aðstandenda þeirra.

Það sem mest er um vert er að klára dæmið, brauskrást úr skóla sínum og vera stolt af því að hafa náð þessum áfanga. Þetta er sigur fyrir hvern og einn.

Nemendur eiga að baki krefjandi nám auk þess að hafa tekið út mikinn þroska þau ár sem þeir hafa sótt skóla hér í hjarta Reykjavíkur. Þeir munu vonandi njóta góðs af því í framtíðinni að hafa stundað nám í framsæknum og nútímalegum skóla sem byggir á gömlum grunni og starfar í húsum sem komin eru til ára sinna. Það er von okkar að nemendur uppfylli þær kröfur sem gerðar verða til þeirra stefni þeir á áframhaldandi nám á háskólastigi eða á öðrum vettvangi og hvet ég ykkur eindregið að láta ekki slíkt tækifæri úr greipum ganga. Það skýtur óneitanlega skökku við að halda þessa virðulega athöfn án þess að útskriftarnemendur geti boðið með sér gestum – nema á rafrænan hátt í gegnum streymi á Netinu. Vonandi geta þeir fylgst með athöfninni á tölvuskjánum eða sjónvarpsskjánum heima í stofu.

Þegar við vorum hér fyrir ári síðan óraði okkur ekki fyrir hvað ætti eftir að ganga yfir okkur á næstu mánuðum. Sakir aðstæðna þeirra sem skapast hafa vegna Kórónu-veirunnar höfum við varla séð nemendur og kennara í húsi síðan í byrjun mars, að undanskildum nokkrum dögum í haust. Í allan þennan tíma hefur í raun aðeins verið boðið upp á fjarkennslu. Með ólíkindum er hvað bæði nemendur og kennarar hafa mátt reyna; en aðdáunarvert er hvernig til hefur tekist og það hefur verið spennandi að fylgjast með því hvernig skólasamfélagið hefur lagað sig að þessum nýja veruleika. Mér finnst það kraftaverki næst að okkur skuli hafa tekist að ljúka haustönninni í sameiningu; og að þið, nemendur góðir, séuð nú hingað komin

til að taka við stúdentsprófsskírteininum ykkar og setja upp hvíta kollinn.

2. Tónlistaratriði:

Nikodem Júlíus Frach leikur nú á fiðlu pólónessu í A-dúr eftir H. Wieniawski. Meðleikari hans er Bjarni Frímann Bjarnason.

3. Afhending skírteina:

Góðir gestir. Þá er komið að sjálfri braustkráningunni.

Að þessu sinni verða 9 stúdentar braustkráðir frá skólanum.

Okkur er þá ekkert að vanbúnaði og mun Björk Þorgeirsdóttir, námstjóri aðstoða mig við þetta.

Listi yfir útskriftarefni – desember 2020:

Nemendur á félagsvísindabraut:

Anna Birta Hólm Helgudóttir

Arna Björg Reynisdóttir

Kári Ármannsson

Martha Alexandra Jamesdóttir

Nemendur á náttúruvísindabraut:

Birgitta Líndal Olgeirsdóttir

Helena Bjartmars Toddsdóttir

Kolfinna Iðunn Atladóttir

Kristín Anna Jónasdóttir

Nikodem Júlíus Frach

4. Húfur settar upp.

Ágætu nýstúdentar frá Kvennaskólanum í Reykjavík; til hamingju með daginn

5. Verðlaunaafhending.

Þá er komið að veitingu verðlauna og viðurkenninga.

Við þetta tækifærið veitum við sérstaka viðurkenningu fyrir störf í þágu nemendafélagsins Keðjunnar - en að þessu sinni hlýtur hana **Kolfinna Iðunn Atladóttir** sem var formaður

málfundafélagsins Loka skólaárið 2019-2020.

Viðurkenningu skólans fyrir samvirkusemi og dugnað hlýtur **Nikodem Júlíus Frach**. Hann hefur lokið stúdentsprófi með sóma á aðeins fimm önnum; auk þess sem hann hefur stundað krefjandi fiðlunám þann tíma sem hann hefur verið hér í skólanum.

6. Ávarp nýstúdents: Kolfinna Iðunn Atladóttir.

7. Ræða skólameistara

Á stund sem þessari langar mig að brýna fyrir ykkur nokkur mikilvæg gildi – eins og það að bera virðingu fyrir viðhorfum og skoðunum annarra. Að sýna samferðarfólki ykkar umburðarlyndi á lífsins leið og vera æðrulaus gagnvart því sem þið ráðið ekki við. Hlustið á sjónarmið annarra. Umgangist alla þá er á vegi ykkar verða af sömu alúð – háa sem lága. Hafið hugfast að ekkert það starf sem ykkur verður falið er svo ómerkilegt að það eigi ekki skilið að vera leyst af hendi af fyllstu alúð og samvirkusemi. Verið trú yfir því sem ykkur er treyst fyrir – í stóru sem smáu.

Berið virðingu fyrir og verið trú uppruna ykkar og heimabyggð – leggið alúð við móðurmálið ykkar, hvert sem það er, og hæfileikana sem ykkur eru í blóð bornir.

Ég vil enda þessi orð mín með ljóðinu *Aðventu* eftir Hákon Aðalsteinsson. Það á ekki síður við í dag en þegar það birtist fyrst í ljóðabókinni Bjallkollu sem út kom árið 1992.

Aðventa

Brátt nálgast sú helgasta hátíð í bæ
með heilögu ljósunum björtum
andi guðs leggst yfir lönd, yfir sæ
og leitar að friði í hjörtum.

En nú virðist fegurðin flúin á braut,
friðurinn spennu er hlaðinn.
Lífsgæðakapphlaup og kauphallarskraut
er komið til okkar í staðinn.

Þá vill hann oft gleymast sem farveg oss fann
fæddur á jötunnar beði,
við týndum úr hjartanu trúnni á hann
og tilefni jólanna gleði.

Vökvaðu kærleikans viðkvæmu rós

þá veitist þér andlegur styrkur,
kveiktu svo örlítið aðventuljós
þá eyðist þitt skammdegismyrkur.

Það ljós hefur tindrað aldir og ár,
yljað um dali og voga,
þó kertið sé lítið og kveikurinn smár
mun kærleikur fylgja þeim loga.

Láttu svo kertið þitt lýsa um geim
loga í sérhverjum glugga,
þá getur þú búið til bjartari heim
og bægt frá þér vonleysiskugga.

8. Samkomuslit.

Ágæta samkoma.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu fyrir vel unnin störf á önninni og undirbúning og framkvæmd þessarar hátíðar. Aldrei fyrr í sögu skólans hefur starf hans farið fram við viðlíka aðstæður og að þessu sinni

Nýstúdentum og aðstandendum þeirra, starfsfólki og öðrum er á mál mitt kunna að hlýða óska ég gleðilegra jóla og þakka fyrir þessa stund hér í Uppsölum.

Þeir **Haraldur Gunnarsson** og **Ólafur Óskar Óskarsson** önnuðust tæknivinnu vegna streymisins.

9. Myndataka. Ég bið nemendur um að staldra við hér á sviðinu þar til myndatöku lýkur.